

Jafnframt er úr gildi fallin auglýsing um hámarkshraða ökutækja á Keflavíkurflugvelli nr. 89 frá 20. ágúst 1959.

Utanríkisráðuneytið, 2. júlí 1962.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Hörður Helgason.

AUGLÝSING

um viðauka og breytingar nr. 4 á Lyfsöluskrá II frá 1. febrúar 1961.

Frá og með 1. júlí 1962 ganga í gildi viðaukar og breytingar, útgefnar í dag, á Lyfsöluskrá II frá 1. febrúar 1961.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 15. júní 1962.

Bjarni Benediktsson.

Eltas Eltasson.

AUGLÝSING

um umferð í Seltjarnarneshreppi.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð í kaupþúninu skv. heimild í 65. gr. umferðarlaga, nr. 26 frá 2. maí 1958.

1. Bifreiðastöður.

Bifreiðastöður eru bannaðar við Tjarnarstíg og Lambastaðabraut frá gatnamótum við Tjarnarstíg.

2. Einstefnuakstur.

Bannaður er akstur bifreiða um Melabraut til vesturs og suðurs frá gatnamótum við ónefnda götu (A. götu).

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, 5. júlí 1962.

Björn Sveinbjörnsson,
settur.